

Þjóðskjalasafn Íslands
02 903

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðskjalasafn Íslands
kt. 710269-1149
Laugavegi 162, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.

Eitt meginhlutverk þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.

Afhendingarskyldir aðilar til þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Safnkostur þjóðskjalasafns taldi í árslok 2017 um 44,5 hillukílómetra af skjölum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 443,8 milljónir og afkoma kr. -3,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -2,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 87,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. ág. 2019

Staður, dags.

Hlufre Þórunn Ólafsdóttir

Þjóðskjalavörður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	336.900.000	328.353.955
Seld þjónusta	4	43.889.057	24.206.923
Vörusala	5	8.584.459	13.758.686
Framlög og ýmsar tekjur	6	46.096.500	36.465.945
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	8.367.221	8.258.571
Tekjur samtals		443.837.237	411.044.080
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	300.966.049	270.845.106
Framlög og tilfærslur		0	220.000
Annar rekstrarkostnaður	8	137.992.297	123.762.336
Afskriftir	9	8.367.221	8.258.571
Gjöld samtals		447.325.567	403.086.013
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(3.488.330)	7.958.067
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(354.986)	(1.181.973)
		(354.986)	(1.181.973)
Afkoma ársins		(3.843.316)	6.776.094
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(9.943.316)	6.996.094
Rekstrartilfærslur		6.100.000	(220.000)
		(3.843.316)	6.776.094

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		32.986.949	24.786.595
Farartæki og vélar		823.091	1.032.005
Aðrar eignir		29.580	34.580
		<u>33.839.620</u>	<u>25.853.180</u>
Fastafjármunir samtals		<u>33.839.620</u>	<u>25.853.180</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		5.409.857	5.610.455
Viðskiptakröfur		1.835.275	565.456
Tengdir aðilar	11	32.563.588	30.407.528
Handbært fé	12	13.720.819	12.892.212
		<u>53.529.539</u>	<u>49.475.651</u>
Veltufjármunir samtals		<u>53.529.539</u>	<u>49.475.651</u>
Eignir samtals		<u>87.369.159</u>	<u>75.328.831</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		(2.469.241)	1.374.075
Eigið fé samtals		<u>(2.469.241)</u>	<u>1.374.075</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	21.145.218	6.670.601
Viðskiptaskuldir		11.777.038	9.777.841
Ýmsar skammtímaskuldir	14	31.230.185	31.653.134
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	25.685.959	25.853.180
		<u>89.838.400</u>	<u>73.954.756</u>
Skuldir samtals		<u>89.838.400</u>	<u>73.954.756</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>87.369.159</u>	<u>75.328.831</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(3.843.316)	6.776.094
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	8.367.221	8.258.571
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(8.367.221)	(8.258.571)
		<u>(3.843.316)</u>	<u>6.776.094</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.269.819)	2.397.230
Birgðir		200.598	194.203
Skammtímaskuldir		1.576.248	3.630.381
		<u>507.027</u>	<u>6.221.814</u>
		<u>(3.336.289)</u>	<u>12.997.908</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(16.353.661)	(8.619.701)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	73.656
		<u>(16.353.661)</u>	<u>(8.546.045)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		12.318.557	(6.823.953)
Fjárfestingarframlag		8.200.000	8.546.045
		<u>20.518.557</u>	<u>1.722.092</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		828.607	6.173.955
		<u>12.892.212</u>	<u>6.718.257</u>
		<u>13.720.819</u>	<u>12.892.212</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verðigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaðurigna myndar heimild til endurnýjunarigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af söluigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandiigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakraigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	337.700.000	336.900.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(800.000)	(8.546.045)
Tekjufærsla fjárveitinga	336.900.000	328.353.955
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.367.221	8.258.571
	<u>345.267.221</u>	<u>336.612.526</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	343.800.000	6.100.000	0	349.900.000
Fjárraukalög	(7.400.000)	0	0	(7.400.000)
Launbætur	(4.800.000)	0	0	(4.800.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(800.000)	0	0	(800.000)
Fjárveiting til tekna	330.800.000	6.100.000	0	336.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(340.743.316)	0	0	(340.743.316)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(9.943.316)	6.100.000	0	(3.843.316)

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	41.325.817	21.578.819
Verksala	981.820	804.523
Ýmsar þjónustutekjur	215.850	813.510
Fræðslustarfsemi og fundir	1.365.570	1.010.071
	<u>43.889.057</u>	<u>24.206.923</u>

5 Vörusala		
Vörusala I	0	18.068
Vörusala II	8.584.459	13.740.618
	<u>8.584.459</u>	<u>13.758.686</u>

6 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	1.745.100	1.309.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	44.351.400	34.902.045
Ýmsar tekjur	0	254.900
	<u>46.096.500</u>	<u>36.465.945</u>

7 Laun og launatengd gjöld		
Laun	241.560.214	216.887.816
Orlof, breyting	1.382.751	1.959.446
Launatengd gjöld	55.688.269	50.045.889
Starfsmannakostnaður	2.334.815	1.951.955
	<u>300.966.049</u>	<u>270.845.106</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	33	31
------------------------------	----	----

Skýringar

	2018	2017
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.897.039	3.588.598
Byggingarvörur, almennar	99.470	121.639
Byggingarvörur, aðrar	12.816	32.036
Tæki og búnaður til innréttinga	91.667	17.060
Ýmis tæki og áhöld	624.910	256.688
Varahlutir og viðhaldsvörur	61.447	18.531
Orkugjafar	5.246.157	4.833.461
Matvæli	4.989.585	4.574.313
Almennar rekstrarvörur	1.486.529	900.104
Vörukaup, almenn	17.509.620	14.342.430
Rannsóknarstofuefni	0	109.992
Kennslu- og fündurvörur	39.320	17.726
Ýmsar sérgreindar vörur	1.583.668	4.456.140
Vörukaup, sérgreind	1.622.988	4.583.858
Fundir, námskeið, risna	2.415.837	3.091.277
Ferðir, uppihald	3.808.809	4.357.898
Akstur	569.928	404.833
Sérfræðiþjónusta	20.742.808	24.624.697
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	101.132	155.296
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.058.583	407.883
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.777.684	3.634.158
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	34.474.781	36.676.042
Samningsbundin kaup og leiga	2.283.636	0
Afnotagjöld	19.100.037	15.764.997
Leigugjöld	3.910.306	3.463.728
Notkun véla og flutningatækja	1.461.200	360.200
Verkkaup	14.296.290	9.499.628
Kostnaðarhlutdeild	1.223.173	1.223.412
Tryggingar, lögboðnar	1.344.727	1.258.059
Opinber gjöld	6.408.044	6.348.731
Tilfærslur	30.600.000	29.878.125
Tapaðar kröfur	0	17.040
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	80.627.413	67.813.920
Vörukaup I	48.140	32.000
Vörukaup II	3.508.757	119.883
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	200.598	194.203
Vörur til endursölu og birgðabreyting	3.757.495	346.086
Annar rekstrarkostnaður samtals	137.992.297	123.762.336

Skýringar

	2018	2017
9 Afskriftir		
Áhöld og búnaður	8.153.307	8.056.718
Farartæki og vélar	208.914	196.853
Aðrar eignir	5.000	5.000
	<u>8.367.221</u>	<u>8.258.571</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður	32.986.949	24.786.595
Farartæki og vélar	823.091	1.032.005
Aðrar eignir	29.580	34.580
	<u>33.839.620</u>	<u>25.853.180</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	70.828.786	2.233.670	50.000	73.112.456
Viðbætur á árinu	<u>16.353.661</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>16.353.661</u>
	87.182.447	2.233.670	50.000	89.466.117
Afskriftir 1.1.2018	46.042.191	1.201.665	15.420	47.259.276
Afskrift ársins	<u>8.153.307</u>	<u>208.914</u>	<u>5.000</u>	<u>8.367.221</u>
	54.195.498	1.410.579	20.420	55.626.497
Staða 31.12.2018	<u>32.986.949</u>	<u>823.091</u>	<u>29.580</u>	<u>33.839.620</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2018	31.12.2017
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	4.675.600	2.519.540
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	<u>27.887.988</u>	<u>27.887.988</u>
	<u>32.563.588</u>	<u>30.407.528</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	18.145.079	4.450.543
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	<u>3.000.139</u>	<u>2.220.058</u>
	<u>21.145.218</u>	<u>6.670.601</u>

12 Handbært fé

Sjóðir	38.439	23.574
Tékkareikningar	<u>13.682.380</u>	<u>12.868.638</u>
	<u>13.720.819</u>	<u>12.892.212</u>

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	1.374.075	(33.290.007)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	27.887.988
Afkoma ársins	(3.843.316)	6.776.094
Jöfnuður 31.12.	(2.469.241)	1.374.075

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 27,9 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreitt orlof	31.230.185	29.847.434
Ógreidd laun	0	1.698.072
Skattar	0	107.628
	31.230.185	31.653.134

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	33.839.620	25.853.180
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(8.153.661)	0
	25.685.959	25.853.180

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	25.853.180	0	25.853.180
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	7.400.000	7.400.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	800.000	800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	16.353.661	(16.353.661)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.367.221)	0	(8.367.221)
	33.839.620	(8.153.661)	25.685.959

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 8,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 3,9 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 13,3 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.